

Reykjavíkurráð ungmenna og Borgarstjórn Reykjavíkur **23. febrúar 2016**

Embla Ýr Indriðadóttir, fulltrúi í Ungmennaráði Miðborgar og Hlíða

Tillaga

Að skóla- og frístundasvið tryggi framtíð ungmennahúsa í Reykjavík. Fjármagn til reksturs þeirra verði tryggt í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017.

Greinargerð

Ungmennaráð Miðborgar og Hlíða óskar eftir að framtíð ungmennahúsa fyrir 16-25 ára ungmenni í Reykjavíkurborg verði tryggð í fjárhagsáætlun borgarinnar á komandi árum. Mikilvægt er að ungu fólki standi til boða að taka þátt í skipulögðu tómstundastarfi sem hefur forvarnar-, menntunar- og afþreyingargildi að leiðarljósi. Ungmennahús hafa verið starfandi í borginni síðustu ár og hefur aðsóknin verið mikil. Hvers vegna er slíkt starf ekki sjálfsagt?